

Samþykkt

141
17. des.

um

breyting á 5. gr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmál- efna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Í stað fyrstu málsgr. í 5. gr. komi:

Skólanefndin skal hafa umsjón með kennslunni í barnaskólanum, og öllu því, sem barnaskólann varðar. Í henni eru dómkirkjupresturinn og 4 menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra að minnsta kosti vera úr flokki bæjarfulltrúa.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872, 31. gr.

Í stjórnarráði Íslands, 17. desember 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglur

142
28. des.

fyrir

nemendur hins almenna menntaskóla í Reykjavík.

Sú er ætlun hins almenna menntaskóla, að auka jafnt sálar- og líkamsþroska nemendanna, laga og styrkja viljann og efla hjá þeim siðprýði og góða siðu. En til þess að þeirri ætlun verði framgengt, ber brýna nauðsyn til að nemendur hafi fastar reglur til að fara eptir.

1. gr.

Skólahúsið er opnað á hverjum morgni kl. 7¹/₂. Á öllum virkum dögum skulu allir nemendur vera komnir í skólann hver í sinn bekk í síðasta lagi kl. 7.50' árd. Fimm mínútum síðar (kl. 7.55') er hringt til morgunbæna. Allir nemendur eru skyldir að vera við bænir.

2. gr.

Kenslustundir byrja þegar eptir morgunbænir og sjá umsjónarmenn bekkjanna um það, hver í sínum bekk, að upp sje fest tafla yfir kennslustundir bekkjarins. Kennslustundir standa vanalega til kl. 2 síðd. Gefa skal nemendun tótm-